



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

67. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, mánudaginn 15. janúar 2018 kl. 14.00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðný Tómasdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri

Íris Anna Steinarrsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Alice Petersen, fulltrúi grunnskóladeildar

Agnes Heiður Magnúsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar

Guðmundur Finnbogason, boðar forföll

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Guðný Tómasdóttir.

#### 1. Kynning á starfi leik- og grunnskóladeildar.

*Ritari skólans kemur til að kynna nýja heimasíðu áætlað að hún fari á vefinn um næstu mánaðarmót.*

#### 2. Aukið stöðugildi í frístund, bókun sveitastjórnar.

*Sveitarstjórn samþykkti að ráða inn aukið stöðugildi fyrir frístund, auglýst hefur verið eftir starfsmanni í 40 % stöðu.*

#### 3. Viðmiðunarreglur fyrir frístund.

*Umræða um þau viðmið sem komin eru á blað. Ákveðið er að fara yfir þetta skjal og leggja það fyrir síðar.*

#### 4. Nýafstaðin könnun.

*Ekki er vitað hver niðurstaða könnunarinnar er þar sem tómstunda- og félagsmálafulltrúi er með þetta. Ákveðið að taka þetta fyrir á næsta fundi.*

#### 5. Skýrsla Skólalþings.

*Skýrslan er lögð fram til kynningar.*



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 6. Skólapúls.

*Ekki er hægt að ráða hvaða kannanir eru lagðar fyrir, heldur þarf að fylgja því sem Skólapúlsinn ákveður. Hægt er að fá að taka út spurningar og nýtti skólinn sér það. Ekki er hægt að bæta við spurningum eða breyta þeim. Foreldrakönnun verður í grunnskóladeild í febrúar og leikskóladeild í mars.*

### 7. Önnur mál.

- a) *Upplýst var um aðgerðaráætlun sem virkjast þegar hvorugur skólastjórnenda er í húsi.*
- b) *Rætt um dvalartíma leikskólabarna.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:43